

**Skipulagsstofnun
Langanesbyggð**

Efni: Athugasemdir við mál nr. 538/2024 og 539/2024, stækkun hafnarsvæðis á Þórshöfn

Eitt af markmiðum skipulagslaga er að tryggja að samráð sé haft við almenning við gerð skipulags. Skipulagsákvæðanir varða hagsmuni almennings og geta haft í för með sér miklar breytingar á umhverfinu. Þess vegna er mikilvægt að sjónarmið almennings komi fram við gerð skipulags. Samráð við almenning við gerð skipulags skiptir höfuð máli og ræðst af viðfangsefni og umfangi skipulagsgerðar hverju sinni. Skipulagslög eiga að tryggja að vinna að skipulagi sé kynnt opinberlega og að almenningi sé gefið tækifæri til að fylgjast með og taka þátt í mótun tillagna um fyrirkomulag byggðar og mótun umhverfis.

Undirritaður hefur lögheimili og búsetu að Fjarðarvegi 1 á Þórshöfn. Mínar athugasemdir við nýtt skipulag á Þórshafnarhöfn (mál nr. 538/2024 og 539/2024) lúta annars vegar að almannahagamunum íbúa svæðisins, sem og míns eigins, og hins vegar ákvarðanartöku sveitarstjórnar í málinu nú á vormánuðum 2024.

1. Ekki næganlegt samráð við íbúa út frá stærð og umfangi verkefnisins

Skipulagslögum er meðal annars ætlað að tryggja ýtarlegt samráð við almenning og tækifæri til að hafa áhrif á skipulagsákvæðanir sveitarfélaga. Allir eiga að hafa kost á að kynna sér skipulagsáform og koma á framfæri upplýsingum/skoðun/athugasemdum, áður en endanlegar ákvarðanir eru teknar. Hér geri ég verulegar athugasemdir við það takmarkaða og litla samráð sem haft hefur verið við almenning, og ekki síst íbúa sem búa í næsta nágrenni við umrætt skipulagssvæði. Einn íbúafundur hefur verið haldinn þann 19. mars sl.. Ég hafði því miður ekki tækifæri til að komast á þennan fund, þar sem ég var ekki á staðnum. Mér hefur ekki gefist önnur tækifæri til að kynna mér þetta stóra mál fyrr en það fór í auglýsingarferli þann 20 júní sl.. Það skal tekið fram að á þeim degi eru framkvæmdir á svæðinu langt komnar enda framkvæðarleyfi gefið út á svæðinu á sveitarstjórnarfundum 17. apríl sl. sem er einnig sami fundur og ákveðið var að auglýsa skipulagið.

2. Nálægð við miðbæjarskipulag

Fasteignin Fjarðarvegur 1, sem er í svokölluðu miðbæjarskipulagi, þar sem ég hef búsetu, er í næsta nágrenni við umrætt skipulagssvæði þar sem undirbúningsframkvæmdir eru hafnar fyrir stækkun Ísfélagsins hf. Fyrirhugað er að reisa á svæðinu gríðarlega stórar byggingar. Mínar athugasemdir lúta að því hversu gríðarlega stór fyrirhuguð stjórnir er, nálægt íbúabyggð og þar með talið heimili

mínu. Áhyggjur mínar eru meðal annars þær að nálægðin rýri verðgildi fasteignarinnar. Nálægðin við fyrirhugaðan frystiklefa er innan við 150 metrar frá heimili mínu.

3. Ógn vegan hávaða, sjónmengunar og spilliefna (ammoníak)

Þar sem liggur ljóst fyrir skv. teikningum sem búið er að leggja fram er nálægð heimili míns og fyrirhuguðum frystiklefa, sem sveitarstjórn er búin að veita framkvæmdarleyfi fyrir, er innan við 150 metrar frá heimili mínu. Hef ég verulegar áhyggjur af hávaðamengum, sjónmengun og annarri hættu s.s. ammoníaksleka og eldhættu vegna nálægðar við heimilið mitt.

4. Athugasemd vegan auglýsingu og veitingu framkvæmdarleyfis

Hér langar mig að gera verulegar athugasemdir við framkvæmd stjórnsýslu sveitarstjórnar og stjórnenda sveitarfélagsins og ákvarðanir þeirra í málinu.

- Það var á 28. fundi sveitarstjórnar dags. 17. apríl sl. þar sem sveitarstjórn samþykkir deiliskipulagstillögu af hafnarsvæðinu og um leið að tillagan verði auglýst. Hér er aðalskipulagsbreyting ekki tekin til afgreiðslu samliða eins og kveðið er skýrt á um í 41 gr. skipulagslaga en þar segir „*Sé tillaga að deiliskipulagi ekki í samræmi við aðalskipulag skal samsvarandi aðalskipulagsbreyting auglýst áður eða samhliða. Að loknum auglýsingartíma getur sveitarstjórn samþykkt breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi samhliða.*” Á sama fundi samþykkir sveitarstjórn að veita framkvæmdarleyfi til handa Ísfélaginu hf. sem og að hefja aðrar umfangsmiklar framkvæmdir á svæðinu. Aðalskipulagsbreyting var ekki samþykkt fyrr en á aukafundi sveitarstjórnar dags. 31. maí sl. Hér hefur almenningur ekki átt tök á því að koma með athugasemdir við skipulagið eða framkvæmdirnar fyrr en framkvæmdir eru langt komnar á svæðinu.
- Um er að ræða gríðarlega stórar framkvæmdir og breytingar sem hafa mikil áhrif á t.d. ásýnd þorpsins, aðgengismálum að svæðinu og ekki síst fasteignaverðs. Erfitt getur verið að átta sig á umfangi og afleiðingum fyrir hinn almenna íbúa og ekki síst aðila sem eiga lögvarða hagsmuni í málinu sem ég tel mig vera. Það ótrúlega er í málinu að á sama tíma og sveitarstjórn heimilar auglýsingu skipulagsins heimilaðar sveitarstjórn framkvæmdir á svæðinu á sama tíma. Með þessari ákvörðun hefur hinn almenni íbúi Langanesbyggðar ekki fengið tækifæri skv. lögum að gera athugasemdir sem er eðlilegt miðað við stærð, umfang og óafturkræfanlegar framkvæmdir sem mun móta ásýnd og þróun samfélagsins til framtíðar.

Virðingarfyllt

**Egill Einarsson,
Fjarðarvegi 1.**